

Subject: Re: Kynning á forsendum fyrirhugaðrar ákvörðunar og kostur á andmælum
Date: Saturday, 6 September 2025 at 09:18:53 Greenwich Mean Time
From: Gestur Gunnarsson
To: Edda Laufey Laxdal
CC: Sigurður G. [redacted]@atul@nautic.is, bjarki.thorsson@utn.is, anna.sverrisdottir@utn.is, sesselja.sigurdardottir@utn.is
Attachments: ~WRD0001.jpg, Greiðsluáskorun og aðvörðun um riftun - Vélfag - 05092025.pdf, image001.png

Sæl Edda Laufey,

Þetta svar veldur umbjóðanda mínum stórkostlegum vonbrigðum, enda leysir það með engu móti úr málinu og segir í raun ekki neitt. Alla síðustu viku hefur verið lögð ofuráhersla á að málið sé afgreitt fljótt og klárað fyrir vikulok. Umbjóðandi minn hefur ítrekað bent á að sú staða sem nú er uppi valdi Vélfagi ehf. og umbjóðanda mínum persónulega tjóni sem stigmagnast með hverjum deginum. Fyrir mánaðamót þurfti að grípa til umfangsmikilla uppsagna á starfsmönnum Vélfags ehf. Nú í gær barst meðfylgjandi greiðsluáskorun frá leigusala Vélfags ehf., sem er eigandi húsnæðis félagsins að Njarðarnesi 3-7. Í bréfinu er tilkynnt að leigusamningi verði rift hafi leiga ekki verið greidd innan 15 daga. Ofan á þetta bætist að tekjuöflun félagsins og tækifæri til hennar hafa hrunið, vegna þess að viðskiptavinir félagsins eru uggandi yfir þvingunaraðgerðum sem félagið er beitt og hafa áhyggjur af því að félagið muni ekki koma til með að geta staðið við samninga. Eins og ég nefndi í pósti mínum sl. þriðjudag var nauðsynlegt að fá afgreiðslu á máli umbjóðanda míns í þessari viku til að möguleiki gæfist til að snúa þessari framvindu við. Nú skilst mér þetta vera þriðji föstudagurinn í röð þar sem umbjóðandi minn fær orðsendingu frá ráðuneytinu í lok vinnudags, þar sem hann er annað hvort beðinn um frekari upplýsingar eða frekari tími keyptur af hálfu ráðuneytisins. Það er því ekki óeðlilegt að umbjóðandi minn sé orðinn langeygur eftir lausn í málinu og sé afar ósáttur við tafir á afgreiðslu þess.

Í ljósi tilvísunar til rannsóknarreglu 10. gr. stjórnarsýslulaga þykir rétt að vísa til 9. gr. sömu laga, sem kveður á um málshraða. Í 1. mgr. 9. gr. segir að ákvarðanir í málum skuli teknar svo fljótt sem unnt er. Við beitingu þessarar reglu þarf m.a. að meta eðli máls og hversu árfíðandi það er að ákvörðun sé tekin. Í tilfalli umbjóðanda míns og félagsins Vélfags ehf. liggur fyrir að hver dagur sem líður veldur tjóni sem hleypur á milljónatugum. Þetta tjón er bein afleiðing af þeim þvingunaraðgerðum sem félagið er beitt af hálfu hins opinbera. Samkvæmt lögum nr. 68/2023 er það utanríkisráðuneytið sem ber ábyrgð á því að aflétta þvingunaraðgerðum, s.s. frystingu fjármuna. Sú fráleita staða er uppi í þessu máli að umbjóðandi minn og Vélfag ehf. sæta þessum þvingunaraðgerðum án þess að vera eða hafa nokkurn tímann verið skráð á neins konar þvingunarlista. Umbjóðandi minn hefur jafnframt lagt fram öll þau gögn sem óskað hefur verið eftir, m.a. fjölda gagna sem sýna fram á að hann á ekki í neinu viðskipta- eða ráðgjafarsambandi við Norebo eða eiganda þess félags. Umbjóðandi minn hefur verið reiðubúinn til samtals við Arion banka og utanríkisráðuneytið frá fyrsta degi, í því skyni að aflétta þessu ástandi. Hann hefur dvalið á hótelum á Íslandi síðastliðnar vikur þar sem hann hefur framlengt dvöl sína um einn til tvo daga í senn, til þess að tryggja að hann sé hérlendis ef bregðast þarf skjótt við. Það kemur umbjóðanda mínum því á óvart að ráðuneytið skuli nú segja að það leggi áherslu á að samskipti í stjórnarsýslumálum fari fram með formlegum hætti og berist skriflega, enda var þessum sjónarmiðum ekki haldið á lofti af hálfu ráðuneytisins í júlí og ágúst, þegar ráðuneytið vildi gjarnan hitta umbjóðanda minn og aðra hluthafa Vélfags ehf. Sinnuleysi ráðuneytisins gagnvart umbjóðanda mínum er ámælisvert og óforsvaranlegt. Svona meðferð á liechtensteinskur og svissneskur ríkisborgari ekki að þurfa að þola á Íslandi.

Að teknu tilliti til alls framangreinds er áréttað hversu gríðarlega árfíðandi það er að

ráðuneytið taki umsvifalaust ákvörðun í málinu. Jafnframt er áréttað að umbjóðandi minn áskilur sér rétt til að krefja íslenska ríkið um bætur vegna þess stórfellda tjóns sem honum hefur verið valdið. Þessu tjóni hefði mátt afstýra með því að flýta afgreiðslu málsins og/eða vinna málið í nánara samráði við umbjóðanda minn og Vélfag ehf.

Hér í cc. set ég Sigurð G. Guðjónsson lögmann Vélfags, Ivan Nicolai Kaufmann umbjóðanda minn og Alfreð Tulinius stjórnarformann Vélfags ehf. Í cc. bæti ég jafnframt við Bjarka, Önnu Pálu og Sesselju, sem hafa komið að þessu máli.

Kveðja / Kind Regards
Gestur Gunnarsson lögmaður, LL.M.



DRAUPNIR Lögmannsþjónusta // DRAUPNIR Legal Services
Höfðabakki 9d - 2. hæð, 110 Reykjavík – www.draupnir.is
Tel: +354 4 150 150

Fyrirvari: Tölvupóstur þessi er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stíllaður á og gæli innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Óheimil notkun á honum varðar við lög.

Disclaimer: This electronic message and/or its attachments are only for the use of the addressee and may contain privileged and confidential information. Unauthorized use of it is a violation of law.

From: Edda Laufey Laxdal <edda.laxdal@utn.is>

Date: Friday, 5 September 2025 at 16:51

To: Gestur Gunnarsson <gestur@dls.is>

Subject: RE: Kynning á forsendum fyrirhugaðrar ákvörðunar og kostur á andmælum

Sæll Gestur.

Vísað er til beiðna Ivan Nikolai Kaufmann um fund með ráðuneytinu áður en ákvörðun verði tekin í málinu sem og til þess að leysa úr málinu. Ráðuneytið leggur áherslu á að samskipti í stjórnáslumálum fari fram með formlegum hætti og berist skriflega, í samræmi við almennar meginreglur stjórnásluréttar. Samkvæmt rannsóknarreglu 10. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993 ber stjórnvaldi að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Ef fyrirbyggjandi gögn uppfylla skilyrði rannsóknarskyldunnar er stjórnvaldi almennt heimilt að hafna beiðni um fund. Í þessu tilviki er það mat ráðuneytisins að gögn málsins séu fullnægjandi og að málið sé nægjanlega upplýst til að unnt sé að taka ákvörðun í því. Af þeim sökum telur ráðuneytið ekki tilefni til fundar.

Bestu kveðjur,
Edda Laufey

Edda Laufey Laxdal, Lögfræðingur / Legal Advisor

Laga- og stjórnásluskrifstofa / Directorate for Legal and Executive Affairs
Utanríkisráðuneytið / Ministry for Foreign Affairs
Reykjastræti 8, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 9900
www.utn.is - www.mfa.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

From: Gestur Gunnarsson <gestur@dls.is>
Sent: miðvikudagur, 3. september 2025 14:56
To: Edda Laufey Laxdal <edda.laxdal@utn.is>
Subject: Re: Kynning á forsendum fyrirhugaðrar ákvörðunar og kostur á andmælum

Sæl Edda Laufey,


Takk fyrir staðfestinguna. Fyrir hönd umbjóðanda míns vil ég ítreka hversu áriðandi það er að botn fáist í málið. Nú eru viðskiptabankar hans og féлага í hans eigu í Evrópu farnir að hafa samband við hann vegna umfjöllunar og meðferðar þessa máls á Íslandi. Hann hefur aldrei þurft að sæta viðlíka meðferð og þeirri sem nú er og leggur á það alla áherslu að málinu ljúki strax, svo hann geti forðað stórtjóni. Í því samhengi er rétt að áréttu, sem ég nefndi í póstinum í gær, að umbjóðandi minn fer fram á að ráðuneytið taki, með vísan til 2. mgr. 12. gr. laga nr. 68/2023, ákvörðun um afléttingu þvingunaraðgerða gegn Vélfagi ehf., það heimili umbjóðanda mínum að leggja félaginu til þá fjármuni sem eru félaginu lífsnauðsynlegir og heimili honum loks að setjast í stjórn félagsins og heimili honum að leggja félaginu til þá fjármuni sem eru félaginu lífsnauðsynlegir til að tryggja áframhaldandi rekstur þess. Til þess að raunhæft tækifæri gefist til að bjarga Vélfagi ehf. verður ákvörðun að liggja fyrir í þessari viku. Sérstaklega er áréttuð að umbjóðandi minn áskilur sér allan rétt ef málið dregst frekar á langinn.

Bestu kveðjur,
Gestur

From: Edda Laufey Laxdal <edda.laxdal@utn.is>
Date: Tuesday, 2 September 2025 at 16:39
To: Gestur Gunnarsson <gestur@dls.is>
Subject: RE: Kynning á forsendum fyrirhugaðrar ákvörðunar og kostur á andmælum

Sæll Gestur.
Staðfesti móttöku á báðum erindum.

Bestu kveðjur,
Edda Laufey



Edda Laufey Laxdal, Lögfræðingur / Legal Advisor
Laga- og stjórnsluskrifstofa / Directorate for Legal and Executive Affairs
Utanríkisráðuneytið / Ministry for Foreign Affairs
Reykjastræti 8, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 9900
www.utn.is - www.mfa.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

From: Gestur Gunnarsson <gestur@dls.is>
Sent: þriðjudagur, 2. september 2025 14:05

To: Edda Laufey Laxdal <edda.laxdal@utn.is>

Cc:

Subject: Re: Kynning á forsendum fyrirhugaðrar ákvörðunar og kostur á andmælum

Sæl Edda Laufey,

Hér að neðan eru athugasemdir og skýringar umbjóðanda míns að því er varðar forsendur ráðuneytisins:

1. Samþykki ráðuneytisins fyrir því að umbjóðandi minn geti tekið sæti í stjórn Vélfags ehf. hefði með engu móti í för með sér að aðilar á þvingunarlista gætu haft áhrif á rekstur félagsins. Umbjóðandi minn er ekki á neinum þvingunarlista og hefur aldrei verið. Hið sama gildir um félagið Titania Trading Limited og seljandann Nikita Orlov. Umbjóðandi minn og Vélfag ehf. hafa sýnt fram á að aðgerðir bankans og ráðuneytisins séu ekki réttlætanlegar og að nauðsynlegt sé að aflétta þvingunaraðgerðunum, heimila umbjóðanda mínum að setjast í stjórn félagsins og heimila honum að leggja félaginu til þá fjármuni sem eru félaginu lífsnauðsynlegir til að tryggja áframhaldandi rekstur þess. Það hefur eflaust ekki farið fram hjá ráðuneytinu að vegna aðgerða Arlon banka og ráðuneytisins þurfti félagið að grípa til uppsagna á starfsmönnum í síðustu viku. Í þessu samhengi er jafnframt rétt að geta þess að seint í gærkvöldi barst meðfylgjandi erindi frá lögmanni Arlon banka þar sem gefið var til kynna, með vísan til 12. gr. laga nr. 68/2023, að það sé ráðuneytisins en ekki bankans að aflétta frystingu fjármuna. Í erindi lögmanns bankans var sérstaklega vísað til 2. mgr. 12. gr. laganna, sem gefur umbjóðanda mínum tilefni til að álykta að bankinn hafi farið mannavillt eða talið umbjóðanda minn bera sama eða svipað nafn og aðili sem er skráður á þvingunarlista. Umbjóðandi minn leggur ríka áherslu á að það gangi ekki upp að ráðuneytið bendi á bankann og bankinn bendi á ráðuneytið. Í ljósi þessa svars bankans er skorað á ráðuneytið að grípa umsvifalaust til viðeigandi ráðstafana til að aflétta öllum þvingunaraðgerðum sem umbjóðandi minn og Vélfag ehf., sem er óbeint í meirihlutaeigu hans, sæta.
2. Það liggur fyrir að umbjóðandi minn hefur ekki greitt umrædda .bandaríkjadali og hefur því nú þegar vanefnt samning um kaup á Titania Trading Limited. Ég veit ekki betur en að það hafi þegar verið upplýst við meðferð þessa máls. Seljandi hefur skorað á umbjóðanda minn að ganga frá greiðslu og tilkynnt að samkvæmt samningnum beri krafan 8% vanskilavexti þar til hún hefur verið greidd. Umbjóðandi minn hefur aftur á móti ekki talið sér óhætt að greiða kaupverðið til seljanda, í ljósi aðgerða Arlon banka og ráðuneytisins. Hann verður að fá einhvers konar staðfestingu þess hvort honum sé heimilt að greiða kaupverðið. Umbjóðandi minn getur greitt þetta umsvifalaust fái hann staðfestingu á því að honum sé það heimilt. Hann telur sér hins vegar ekki fært að gera það meðan núverandi óvissa er fyrir hendi. Um þessa afstöðu umbjóðanda míns má m.a. vísa til erindis ráðuneytisins til LEX lögmannsstofu þann 6. ágúst sl. Á 1. og 2. bls. erindisins var fjallað um lánasamning á milli Vélfags ehf. og Titania Trading Limited. Þar segir m.a. „Í ljósi þess annars vegar að samningurinn kveður á um að Titania muni hafa ákvörðunarvald yfir nýtingu lánagreiðslna og hins vegar að hann kveður á um vexti, sem fela í sér fjárhagslegan ábata fyrir eignarhaldsfélagið, fellst ráðuneytið ekki á beiðni Vélfags um að breyta orðalagi b-liðar skilyrða ákvörðunarinnar.“ Með þessu gefur ráðuneytið til kynna að ákvörðunarvald Titania Trading Limited og fjárhagslegur ábati hjá

því félagi kunni að vera „beint eða óbeint til hagsbóta fyrir aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir“. Umbjóðandi minn verður að fá það á hreint hvað honum er heimilt að gera og hvað ekki. Það skal þó bent á að umbjóðandi minn keypti félagið Titania Trading Limited af Nikita Vitaljevich Orlov, sem er norskur ríkisborgari, búsettur í Hong Kong. Hann sætir hvergi nokkurs konar þvingunaraðgerðum. Um þetta má t.d. vísa til bls. 9 og 13-15 í skjalinu sem fylgdi sem viðhengi með pósti þínum í gær. Samkvæmt framangreindu fer umbjóðandi minn fram á að ráðuneytið upplýsi um afstöðu sína til þess að umbjóðandi minn greiði bandaríkjadali (auk áfallandi vanskilavaxta) til seljanda.

3. Við erum ekki sammála því að gögn, sem LEX lögmannsstofa sendi þann 20. ágúst sl., gefi til kynna að umbjóðandi minn skuldi Nikita Orlov um milljónir evra. Í tölvupósti LEX til Arion banka (bls. 11-12 í viðhenginu) er greinargóð lýsing á því hvernig kaupverð Titania Trading Limited var ákvarðað og útfært, þ.e. annars vegar með greiðslu bandaríkjadala (reiðufjárhluti viðskiptanna) og hins vegar með óbeinni yfirtöku umbjóðanda míns á skuldum Titania Trading Limited við Nikita Orlov. Höfuðstóll skuldar Titania Trading Limited við Nikita Orlov var þann 16. maí 2025 tæplega milljónir bandaríkjadala (sjá bls. 18 í viðhenginu). Að kröfu umbjóðanda míns, sem taldi virði undirliggjandi eigna ekki réttlæta yfirtöku skuldar að þessari fjárhæð, féllst seljandi á að lækka höfuðstól kröfu sinnar á hendur Titania Trading Limited um 50% (breyttist í bandaríkjadali sbr. bls. 18 í viðhenginu). Á bls. 19 í viðhenginu má sjá að % þess höfuðstóls auk % vaxta skuli greiðast yfir þrjú ár, þ.e. bandaríkjadali auk vaxta. Strax í framhaldinu er fjallað um skilyrtart greiðslur, þar sem segir að þau % sem eftir standa skuli greiðast með arði frá dótturfélögum (Vélfagi ehf) eða ef umbjóðandi minn selur hluti sína í Titania Trading Limited. Ef dótturfélagið úthlutar ekki arði og umbjóðandi minn selur ekki hluti sína í Titania Trading Limited er % afsláttur veittur af skilyrtum hluta skuldarinnar, þ.e.a.s. Titania Trading Limited þyrfti að greiða bandaríkjadali. Kaupverðið er því um milljónir bandaríkjadala + en getur hækkað um allt að bandaríkjadali ef skilyrði um arðgreiðslu eða sölu á hlutum í Titania Trading Limited eru uppfyllt. Skuldbinding, sem umbjóðandi minn undirgekkst persónulega (bls. 16-17 í viðhenginu) felur í sér að ef umbjóðandi minn selur hluti sína í Titania Trading Limited eða Titania Trading Limited selur dótturfélög (Vélfag ehf.) skuli sá hluti söluandvirðis, sem fellur í skaut umbjóðanda míns, nýttur til að gera upp skuld Titania Trading Limited við seljanda, að hluta eða fullu. Þessi skuldbinding felur því í sér staðfestingu af hálfu umbjóðanda míns á því sem fram kemur í kafla 2. b) 1) ii. í samningi um endurskipulagningu skulda Titania Trading Limited (bls. 19 í viðhenginu). Eins og fram kom í tölvupósti LEX til Arion banka byggðist kaupsamningur umbjóðanda míns við Nikita Orlov á mati umbjóðanda míns á virði Titania Trading Limited. Mat umbjóðanda míns á virði Titania Trading Limited byggðist á áreiðanleikakönnun á félaginu, Vélfagi ehf. og Suno ehf (dótturfélagi Vélfags). Athugasemdin er því sú að Titania Trading Limited skuldar seljanda fjármuni. Endurgreiðsla þeirra er að hluta til háð fyrirvörum. Umbjóðandi minn yfirtók þessa skuld óbeint, þegar hann keypti alla hluti í Titania Trading Limited þann 16. maí sl. Samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu seljanda (bls. 13-15 í viðhenginu) tilheyrja þessir fjármunir Nikita og engum öðrum.
4. Umbjóðandi minn sagði sig úr stjórn VOS Heritage Foundation þann 25. febrúar 2022, sbr. meðfylgjandi tilkynningu um úrsögn sem umbjóðandi minn undirritaði í viðurvist

notarialvotts í Panama þann dag . Umbjóðandi minn hefur ekki komið með neinum hætti að VOS Heritage Foundation frá því hann sagði sig úr stjórn sjóðsins. Hann hefur jafnframt enga stjórn á því hvernig eða hvenær úrsögn hans úr stjórn er skráð í Panama. En jafnvel þótt hann hefði verið í stjórn þessa sjóðs fram til apríl 2025 væri í sjálfu sér ekkert athugavert við það.

Fyrir hönd umbjóðanda míns vil ég áréttta hversu gríðarlega áriðandi það er að þetta mál dragist ekki á langinn. Til þess að Vélfag ehf. geti haldið áfram starfsemi sinni mun verða nauðsynlegt að leggja félaginu til fjármuni svo það geti jafnað sig á því höggi sem því hefur verið valdið með frystingu fjármuna, opinberri umfjöllun um frystinguna og þeim þvingunaraðgerðum sem félagið hefur þurft að sæta. Nauðsynlegt er að leyst verði úr þessu máli í þessari viku svo Vélfagi ehf. og hluthöfum þess gefist raunhæft tækifæri til að bjarga félaginu. Umbjóðandi minn vill því óska eftir fundi með fulltrúum ráðuneytisins og Arion banka, til þess að leitast við að höggva á þennan reibihnút sem búið er að hnýta. Strax í framhaldi af þessum pósti mun ég senda póst til þín og lögmanns Arion banka með ósk um fund.

Ef einhverjar spurningar vakna er velkomið að hafa samband við mig með tölvupósti eða í síma 822-5188. Umbjóðandi minn er hér í cc.

Bestu kveðjur,
Gestur

Gestur Gunnarsson lögmaður, LL.M.



DRAUPNIR Lögmannsþjónusta // DRAUPNIR Legal Services
Höfðabakki 9d - 2. hæð, 110 Reykjavík – www.draupnir.is
Tel: +354 4 150 150

Fyrirvari: Tölvupóstur þessi er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Óheimil notkun á honum varðar við lög.

Disclaimer: This electronic message and/or its attachments are only for the use of the addressee and may contain privileged and confidential information. Unauthorized use of it is a violation of law.

From: Edda Laufey Laxdal <edda.laxdal@utn.is>

Date: Monday, 1 September 2025 at 14:37

To: Gestur Gunnarsson <gestur@dls.is>

Subject: Kynning á forsendum fyrirhugaðrar ákvörðunar og kostur á andmælum

Góðan dag.

Vísað er til erindis LEX lögmannstofu frá 13. ágúst sl. þar sem óskað var eftir heimild ráðuneytisins til að gera breytingar á stjórn Vélfags ehf., skv. skilyrði c-liðar ákvörðunar ráðuneytisins frá 28. júlí sl.

Ráðuneytið vinnur að undirbúningi ákvörðunar í framangreindu máli. Áður en endanleg ákvörðun verður tekin, er ykkur veittur kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum ykkar varðandi þær forsendur sem ákvörðunin mun byggja á, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Forsendur sem ráðuneytið leggur til grundvallar við undirbúning málsins eru eftirfarandi:

1. Í ákvörðun, dags. 28. júlí sl., veitti ráðuneytið Vélþingi undanþágur frá frystingu á grundvelli 9. gr. laga nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna með því skilyrði að þær myndu ekki grafa undan eða komast hjá markmiðum þvingunaraðgerða. Undanþágur ráðuneytisins miða að því að koma á fót öryggisráðstöfun (eldvegg) í því skyni að hindra að aðili á þvingunarlista geti haft áhrif, hvort sem er með beinum eða óbeinum hætti, á rekstur Vélþings. Öryggisráðstöfun ráðuneytisins er m.a. ætlað að tryggja það að Norebo JSC, aðilar sem tengist því eða aðrir aðilar sem sæta frystingu, geti ekki haft áhrif á ákvarðanir eða aðgerðir Vélþings hvort sem þær eru viðskiptalegs eðlis eða ekki.
2. Kaupsamningur á Titania Trading Limited þar sem fram kemur að Ivan Nikolai Kaufmann skuli greiða kaupverð að fjárhæð bandaríkjadala innan 90 daga frá 16. maí 2025. Ivan Nikolai Kaufmann hefur ekki lagt fram gögn sem sýni að hann hafi greitt umrætt kaupverð.
3. Tölvupóstur og skjöl, sem bárust frá Lex lögmannsstofu 20. ágúst sl., um skuldastöðu Titania Trading Limited gagnvart fyrri eiganda, Nikita Orlov. Af gögnunum verður ráðið að Ivan Nikolai Kaufmann, eigandi Titania Trading Limited sem á rúmlega 81% hluta í Vélþingi, skuldi Nikita Orlov um 10 milljónir evra. Ráðuneytið hefur aflað gagna úr opinberri skrá í Panama þar sem fram kemur að Ivan Nikolai Kaufmann hafi látið af störfum sem stjórnarmaður í sjóðnum VOS Heritage Foundation þann 8. apríl 2025. Í svörum sínum til ráðuneytisins dags. 18. ágúst 2025 kvaðst Ivan Nikolai Kaufmann hafa sagt sig úr stjórn VOS Heritage Foundation árið 2022. Þetta hefur einnig síðar komið fram opinberlega.


Gögn málsins, sem styðja framangreindar forsendur, eru hér meðfylgjandi.

Vinsamlegast sendið skriflegar athugasemdir eða andmæli við forsendurnar eigi síðar en **föstudaginn 5. september nk.**

Berist engar athugasemdir eða andmæli innan tilgreinds frests, verður ákvörðun í málinu tekin á grundvelli framangreindra forsendna og annarra fyrirbyggjandi gagna.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Bestu kveðjur,
Edda Laufey



Edda Laufey Laxdal, Lögfræðingur / Legal Advisor

Laga- og stjórnsýsluskrifstofa / Directorate for Legal and Executive Affairs

Utanríkisráðuneytið / Ministry for Foreign Affairs

Reykjastræti 8, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 9900

www.utn.is - www.mfa.is - [Fyrirvarj/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing